

Ed.

522. Frumvarp til laga

[266. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1.500 þús.

6. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 80 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar.

7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskirteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	42.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30.0
Landshafnir	6.0
Flugöryggismál	18.0
Rafmagnsveitur ríkisins	30.0
Lagarfossvirkjun	45.0
Sveitarafvæðing	15.0
Landsvirkjun, eiginfjárukning	50.0
Vatnsorkurannsóknir	50.0
Jarðhitarannsóknir	15.0
Jarðboranir ríkisins	7.5
Jarðvarmaveitur ríkisins	9.2
Jarðhitaleit	10.0
Laxárvirkjun	108.0
Sjóefnarannsóknir	5.7
Rannsóknastofnun iðnaðarins	9.5

	Millj. kr.
Lögreglustöð í Reykjavík	12.0
Fjárvöntun frá 1970	3.9

Samtals 437.6

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 voru birt drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1971 fyrir opinberar framkvæmdir í fylgiskjali I. Var þar gert ráð fyrir framkvæmdum og áætluðum eftirstöðvum fjárþarfar frá 1970 að fjárhæð samtals 371.4 millj. kr. að frátöldum hraðbrautaframkvæmdum. Hins vegar var fjáröflun ekki talin geta numið meira en 300.0 millj. kr., þannig að á áætluninni var 71.4 millj. kr. halli, sem ekki voru gerðar ráðstafanir til að eyða í meðferð fjárlagafrumvarps á þinginu. Í ljósi nýjustu upplýsinga um framkvæmdaþörf og mögulega lánsfjáröflun hefur áætlun þessi verið endurskoðuð af fjárlaga- og hagsýslustofnun, Efnahagsstofnuninni og Seðlabankanum, og er nú gert ráð fyrir hækkun framkvæmda um 66.2 millj. kr. og fjáröflunar um 137.6 millj. kr. Er þar með náð jöfnuði í áætluninni, og eru niðurstöðutölur 437.6 millj. kr. að frátöldum hraðbrautaframkvæmdum, sem, fjármagnaðar eru með sérstakri erlendri lántöku.

Helztu breytingar á framkvæmdahlíð frá áðurnefndum drögum eru þessar: Inn eru teknir sex nýir framkvæmdaliðir, sem nauðsynlegt er að sinna, þ. e. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi 30.0 millj. kr., flugöryggismál 18.0 millj. kr., Lagarfossvirkjun 45.0 millj. kr., rafvæðing í sveitum 15.0 millj. kr., Landsvirkjun 50.0 millj. kr. og til jarðhitaleitar 10.0 millj. kr. Þá hækkar kostnaður við framkvæmdir á vegum Jarðvarmaveitna ríkisins um 7.5 millj. kr. og við önnur verkefni um samtals 7.8 millj. kr. Á móti þessum hækkunum, er gert ráð fyrir, að í stað áður áætlaðrar fjáröflunar til stækkunar Áburðarverksmiðju ríkisins, 63.2 millj. kr., komi erlend lántaka, og framkvæmdakostnaður við landshafnir, Rafmagnsveitur ríkisins og Laxárvirkjun lækki um samtals 26.0 millj. kr. Loks hefur komið í ljós, að áður áætluð fjárvöntun frá 1970 lækkar um 27.9 millj. kr. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er gerð nánari grein fyrir einstökum framkvæmdum.

Svo sem fyrr greinir hækkar áætluð fjáröflun um 137.6 millj. kr. frá fyrri áætlun, en sú áætlun var nokkurn veginn jafnhá og áætlun ársins 1970. Gert er ráð fyrir, að til ráðstöfunar af endurgreiðslu áður útgefinna spariskirteinalána verði 282.6 millj. kr., en það er 122.6 millj. kr. hækkun frá áætlun ársins 1970. Ný útgáfa spariskirteina er ráðgerð 75 millj. kr., eða óbreytt frá fyrra ári, og loks er áætluð nýting P.L. 480 lántöku 80 millj. kr., sem er 20 millj. kr. hækkun frá áætlun fyrra árs, og 15 millj. kr. hækkun frá drögum, er fylgdu fjárlagafrumvarpi ársins 1971.

Um 1. gr.

Leitað er heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin ár, allt að 75 millj. kr., en það er sama fjárhæð og s. l. ár.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum eru sömu ákvæði og jafnan hafa fylgt spariskirteinum ríkissjóðs að því er tekur til lánskjara og skattalegrar meðferðar.

Um 5. gr.

Á þessu stigi er lítið unnt að fullyrða um upphæð væntanlegs lánessamnings við Bandaríkjastjórn, svonefnds P.L. 480 vörukaupaláns, sem tekið hefur verið á undanförunum árum, þar sem samningar fara ekki fram fyrr en síðar á árinu. Hér

er gert ráð fyrir, að af þessu lánsfé nýtist 20 millj. kr. meira á árinu 1971 en 1970. Hins vegar verður verulegur hluti þessa fjár ekki til ráðstöfunar fyrr en á árinu 1972.

Um 6. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að 80 millj. kr. lántöku vegna stækkunar Áburðarverksmiðju ríkisins. Standa vonir til, að unnt verði að fá erlent lán í þessu skyni. Af öryggisástæðum er væntanleg lánsheimild höfð nokkru hærri en nýjasta kostnaðaráætlun gefur til kynna, en samkvæmt henni er fjárvöntun 63.2 millj. kr.

Um 7. gr.

Reykjanesbraut. Fjárþörf vegna Reykjanesbrautar stafar eingöngu af lánsfjárvöðum, sem á framkvæmdinni hvíla. Greiðsla afborgana og vaxta með áorðnum og áætluðum verðlagsuppbótum nemur samtals 42.8 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að á næstu árum yfirtaki Vegasjóður smám saman þessar kvaðir í samræmi við áætlun um greiðsluafkomu sjóðsins, sem gerð hefur verið.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Ráðgert er að halda þessari framkvæmd áfram, þannig að unnt verði að taka í notkun á þessu ári aðra akbraut af ráðgerðum tveimur í veggjanni á Kópavogshálsi, svo og brú við Digranesveg yfir veggjana. Í athugasemdum við hliðstætt frumvarp á s. l. ári var tekið fram, að skv. áætlun byggingarnefndar vegarins yrði fjárvöntun á árinu 1971 12.5 millj. kr., en hvort tveggja hefur gerzt, að verðlag er orðið herra og framkvæmdir þurfa að vera meiri en þá var áætlað, til þess að unnt verði að taka aðra akbrautina í notkun á árinu.

Landshafnir. Vegna bilunar á dýpkunarskipinu „Gretti“ á s. l. ári varð að fresta verulegum hluta áætlaðra dýpkunarframkvæmda í Njarðvík á því ári. Í ár er ráðgert að ráðast í dýpkun þar til að skapa bátum tryggari leguástöðu, og er kostnaður áætlaður 6.5 millj. kr. Þar af eru til ráðstöfunar 4.5 millj. kr. frá síðasta ári. Til framkvæmda á Rífi er ætlað að verja samtals 4.0 millj. kr., er skiptist þannig, að 1.8 millj. kr. fari til malbikunar á plani, 1.7 millj. kr. til að bera oliumöl á aðliggjandi vegi og 0.5 millj. kr. til uppgræðslu lands, allt til að bæta hreinlætishætti í sambandi við löndun sjávaraflla, en töluverð hætta hefur verið á spillingu aflans sökum sandfoks o. þ. h. á Rifshöfn.

Flugöryggismál. Ráðgert er að afla 8.0 millj. kr. til kaupa á ratsjárnúnaði fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík í því skyni að auka öryggi og hagkvæmni við stjórn flugumferðar yfir og umhverfis Ísland og greiða fyrir að- og brottflugi á flugvöllum í Keflavík og Reykjavík. Samkvæmt áætlun verður þessi búnaður tekinn í notkun um mitt ár 1972. Heildarkostnaður verður 44.0 millj. kr. að meðtöldum kostnaði við uppsetningu tækja og þjálfun starfslíðs, og skiptist hann þannig, að 8.0 millj. kr. koma á árið 1971, 13.7 millj. kr. á 1972 og 22.3 millj. kr. á 1973 og síðari ár. Til boða stendur lán frá framleiðanda fyrir síðastnefndu fjárhæðinni til fjögurra ára, og verður farið fram á lántökuheimild á næsta ári, ef til kemur. Þessu til viðbótar er ráðgert að afla 10.0 millj. kr. til að bæta öryggisbúnað flugvalla.

Rafmagnsveitur ríkisins. Á vegum Rafmagnsveitnanna eru á þróunum áform um aukningu orkuvirkjana eða aðalflutningslína á flestum orkuveitusvæðunum. Sérstaklega er að verða brýn þörf aukinnar orku á Austurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Áformað er að hefja byggingu Lagarfossvirkjunar, fyrsta stigs, og er það mjög stór framkvæmd á mælikvarða Rafmagnsveitnanna, og tilfærð hér undir sérstökum lið. Hins vegar hefur enn ekki verið tekin endanleg ákvörðun um aðgerðir til þess að fullnægja orkuþörf Norðurlands vestra, en þær eru á næsta leiti. Vegna þessara stóru framkvæmda er nauðsynlegt að fara varlega í aðrar framkvæmdir Rafmagnsveitnanna. Hins vegar verður ekki dregið lengur að leggja háspennulínu

frá Búrfelli að Hvolsvelli, enda þótt samvinna við Rafveitu Vestmannaeyja að undanförunu hafi gert kleift að fresta þeirri framkvæmd fram til þessa. Hagstæðasta framkvæmdin til vinnslu aukinnar orku á Vestfjörðum eru miðlunarmannvirki við Langavatn til þess að auka vatnsrennsli og vinnslugetu Mjólkárvirkjunar. Samtals nema þessar tvær framkvæmdir 30 millj. kr. Auk þess eru aukningar innanbæjar-kerfa 13.2 millj. kr. og nokkrar minni háttar framkvæmdir, þannig að alls nema áformaðar almennar framkvæmdir Rafmagnsveitnanna 51 millj. kr. Til þessara framkvæmda þurfa Rafmagnsveiturnar um 30 millj. kr. lánsfé auk tollaláns, heim-
taugagjalds og lítilsháttar framlags af afskriftafé.

Lagarfossvirkjun. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmd þessa mannvirkis er um 180 millj. kr., en að sjálfsögðu getur sú upphæð breytzt við niðurstöður útbóða og verkskilyrða í nánari atriðum. Gerð hefur verið áætlun um skiptingu framkvæmdarinnar í ársáfanga, miðað við að verkinu verði lokið árið 1973 og að það vinnist sem haganlegast. Samkvæmt þeirri áætlun mundu greiðslur falla mjög svipað á öll þrjú árin, en nokkrir möguleikar eru á sveigjanlegri tilfærslu verk-
áfanga milli ára. Þar sem miklar framkvæmdir eru nú á döfinni og framkvæmda-
og fjáröflunaráætlunin mjög ásett, er æskilegt að fara fremur hægt af stað, en herða gang verksins síðar. Þó verður að ætla 45.0 millj. kr. til þess hluta framkvæmdar-
innar, sem koma þarf af á þessu ári.

Rafvæðing í sveitum. Endurskoðun á rafvæðingaráætlun í sveitum hefur leitt til nokkurs kostnaðarauka umfram það, sem áætlað var í fjárlögum ársins 1971, en áætlunin miðast við að ljúka rafvæðingu býla, þar sem meðalfjarlægð milli býla tengdra veitum er að hámarki 1.5 km. Nákvæm könnun aðstæðna, sem ekki var lokið við afgreiðslu fjárlaga, hefur m. a. leitt í ljós, að fleiri býli en reiknað var með falla undir áætlunina. Heildarkostnaður við að ljúka þessari rafvæðingu er nú á-
ætlaður 49.0 millj. kr. Fjárveiting í fjárlögum 1971 er 32.0 millj. kr. og tekjur af heimtaugargjöldum o. fl. 2.0 millj. kr. Fjárvöntun er því 15.0 millj. kr.

Landsvirkjun. Á árinu 1971 verður að mestu lokið stækkun Búrfellsvirkjunar, en þar verður bætt við þremur vélasamstæðum, sem samtals eru 105 þúsund kíló-
vött (ástimplað afl). Er kostnaður vegna þessara framkvæmda áætlaður um 230 millj. kr. á árinu 1971. Einnig verður haldið áfram á árinu byggingu miðlunar-
mannvirkja við Þórisvatn og mannvirkja, er veita Köldukvísl í Þórisvatn. Er ráð-
gert, að hægt verði að taka bæði miðlunarmannvirkin og Köldukvíslarveitu til notkunar fyrir áramót, þó að nokkrum frágangi verði ekki fulllokið fyrr en á árinu 1972. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir á árinu 1971 er 440 millj. kr. Ýmsar minni framkvæmdir verða gerðar á vegum Landsvirkjunar, m. a. vegna undir-
búnings næstu virkjana. Er líklegt, að heildarkostnaður framkvæmda verði um 740 millj. kr. á árinu. Ráðgert er, að meginhluta þessa fjármagns verði aflað með bein-
um lántökum á vegum Landsvirkjunar og ríkissjóðs, eins og verið hefur að mestu um fjáröflun til Landsvirkjunar til þessa. Á móti þessum lántökum er nauðsynlegt, að Landsvirkjun verði gert kleift að leggja fram aukið fé, og því er ráðgert að afla innan áætlunarinnar 50 millj. kr., sem varið yrði í þessu skyni skv. nánari samn-
ingum milli eignaraðila.

Vatnsorkurannsóknir. Svo sem gerð var grein fyrir í drögum að áætluninni með fjárlagafrunvarpi, eru mjög viðtækar vatnsorkurannsóknir á döfinni á vegum Orkustofnunar. Verður jöfnum höndum unnið að rannsóknnum á vatnasvæði Þjórsár og á vatnsföllum Norðurlands og Austurlands með stórvirkjanir í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Fljótsdal sérstaklega í huga. Upphaflega var gert ráð fyrir að taka yrði skrefið til verulega aukinna rannsóknaborana. Hins vegar hefur nú verið dregið úr áformum um boranir á þeim svæðum, þar sem nýting orkunnar stendur

ekki alveg fyrir dyrum. Áformuð er sama lánsfjáröflun til rannsóknanna eins og gert var ráð fyrir í frumdrögum áætlunarinnar, 20 millj. kr., en af fjárlagafé er ætlað um 19.0 millj. kr. til þessara rannsókna.

Jarðhitarannsóknir. Haldið er áfram rannsóknum á þeim háhitasvæðum, sem búa yfir mestum nýtingarmöguleikum til efnaiðju og hitaveituf framkvæmda, en það eru svæðin á Reykjanesskaga og í nágrenni höfuðstaðarins. Sökum takmarkaðs lánsfjár hefur verið lögð sérstök áhersla á val verkefnanna, þar sem árangurs er helzt að vænta. Verður jafnframt að fresta ákvörðun um borun vinnsluhæfra hola, þar til frekari niðurstöður eru fengnar. Ráðgert er að verja til rannsókna 15 millj. kr. lánsfé, eða jafnmiklu og á bráðabirgðaáætlun.

Jarðboranir ríkisins. Í samræmi við auknar rannsóknaboranir hafa verið ákveðin kaup nýs jarðbors, sem hentar sérstaklega til þess háttar borana. Auk tækja-kaupaláns þurfa að ganga 7.5 millj. kr. til innkaupanna. Lánið verður greitt niður á leigugjaldi borverka.

Jarðvarmaveitur ríkisins. Fyrri áætlun Orkustofnunar um fjárvöntun vegna framkvæmdanna við Námafjall hefur að verulegu leyti farið út um þúfur. Þannig var í drögum, þeim, er fylgdu fjárlagafrumvarpi ársins 1971, áætlað, að heildarfjárvöntun þessa árs væri 1.7 millj. kr. Nú er ljóst, að fjárþörf verður samtals 9.2 millj. kr., og kemur þar til, að ein virkjunarholan hrundi, og er viðgerðarkostnaður áætlaður 3.0 millj. kr. Mismunur hækkunarinnar, 4.5 millj. kr., stafar af vanáætlun framkvæmdakostnaðar 1970 í áður nefndum drögum að framkvæmdaáætlun 1971, svo og lánsfjáarkostnaðar.

Jarðhitaleit. Í ljós hefur komið, að sú 5.1 millj. kr. fjárveiting til jarðhitaleitar, sem tekin var á fjárlög ársins 1971, mun hvergi nærri nægja til þess að standa undir verkefnum, sem ætlað er að ráðast í á árinu. Er því ráðgert að verja 10.0 millj. kr. af fjáröflun þessarar áætlunar til viðbótar í þessu skyni, þannig að til ráðstöfunar verða alls 15.1 millj. kr.

Laxárvirkjun. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ríkið leggi Laxárvirkjun til fjármagn í mismunandi formi, þ. e. bæði sem eigið stofnfé og lánsfé. Heildarkostnaður mannvirkja er áætlaður um 310 millj. kr., þar af 206 millj. kr., er falla á árin 1970 og 1971. Að frátöldu eiginfjárframlagi Laxárvirkjunar og Akureyrarbæjar og lánsfé skv. áætlun ársins 1970, stendur eftir fjárvöntun, sem áætla má 108 millj. kr.

Sjóefnarannsóknir. Rannsóknir þær, sem nú standa yfir og ætlað er að ljúka á þessu ári, eru liðir í áætlun til tveggja ára og falla 4.7 millj. kr. á árið 1971 auk lánagreiðslna að fjárhæð 1.0 millj. kr., sem ekki hefur verið séð fyrir með öðrum hætti. Er fjárþörf því samtals 5.7 millj. kr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins. Í drögum að framkvæmdaáætlun ársins 1971 var gert ráð fyrir, að heildarkostnaður við þessa byggingu að meðtalinni vatnsveitu fyrir stofnanir á Keldnaholtssvæðinu næmi 26.5 millj. kr. og fjárvöntun 6.5 millj. kr. Nú, þegar framkvæmdir eru á lokastigi, er ljóst, að heildarkostnaðurinn mun hækka í 29.5 millj. kr. og fjárvöntun því í 9.5 millj. kr.

Lögreglustöð í Reykjavík. Samkvæmt síðustu kostnaðaráætlun um þessa framkvæmd skortir 21.4 millj. kr. umfram fyrirbyggjandi fé til að unnt sé að ljúka byggingunni og auk þess um 7.0 millj. kr. til stofnbúnaðar eða samtals 28.4 millj. kr.

Ekki þykir þó fært að ætla framkvæmdinni meira en 12.0 millj. kr. af áætluninni, en auk þess er fyrir hendi 3.2 millj. kr. framlag á fjárlögum.

Eftirstöðvar fjárvöntunar 1970. Þegar drög að framkvæmdaáætlun voru lögð fram með fjárlagafrumvarpi 1971 var það nokkurri óvissu háð, hversu mikið fé mundi skorta til framkvæmda ársins, en í áætlun 1970 vantaði 61.8 millj. kr. til þess að fjáröflun nægði fyrir áætluðum framkvæmdum. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að þessi fjárvöntun er mun minni en ætlað var sl. haust, eða 3.9 millj. kr.